

## Skýrsla fræðslunefndar fyrir starfsárið 2017.

Fræðslunefnd starfsárið 2017 skipuðu:

Gísli H. Friðgeirsson  
Klara Bjartmarz  
Sveinn Axel Sveinsson  
Örlygur Steinn Sigurjónsson.

Fræðslunefnd var endurvakin með samþykkt á fundi stjórnar 6. mars s.l. (2017) og var lagt til að Gísli Friðgeirsson yrði formaður nefndarinnar. Klara, Örlygur og Sveinn Axel komu til starfa í nefndinni sem ætlaði að fást við tvö mál á tímabilinu framundan:

- þjálfun fyrir 3ja stjórn BCU stig fyrir sjókaajak
- innlent kerfi fyrir þjálfun

Tveir fundir voru haldnir auk annarra samskipta.

### Fyrri fundur var haldinn 15.8.2017.

Rætt var um fyrirkomulag æfinga haustsins.

Næstu vikur voru haldnar æfingar í 3ja stjórn BCU efni í samráði við róðrastjóra. Þátttaka var nokkur og ýmsir vanir ræðarar komu til aðstoðar. Þegar litið er yfir mætingalista sést þó að mæting einstakra þátttakenda var stopul og þeir komust oft ekki. Enn eru þó vormánuðir framundan með hækkandi sól! Ætlunin er síðan að fá kennara (Steve) frá UK til að halda lokaæfingu og mat helgina 26.-27. maí.

### Síðari fundur var haldinn 30.11.2017.

Á dagskrá var að skoða möguleika á að koma upp innlendu kerfi fyrir kennslu með stuðningi Siglingasambans og ÍSÍ. Við skoðuðum vefsíður kanó-/ kajaksambanda nágrannalanda, einkum stig og kröfur um persónulega færni og reyndist mikið samræmi vera milli landa. Skoðuð voru líkindi við BCU kerfið og einnig var ISKGA kerfið skoðað og samræmd vottorð 10 Evrópuþjóða sem nefnast Europass.

Framhald þessara verkefna þarf að vera

- að halda 3ja stjórn verkefninu áfram
- að ræða áfram möguleika á innlendu þjálfunarkerfi

F.h. fræðslunefndar,

1. feb. 2018,

Gísli H. Friðgeirsson.